

Menning og samfélag

Umsækjandi	Titill		Úthlutuð upphæð
Sinfóníuhljómsveit Suðurlands ehf.	Afmælistónleikar Björvins Þ. Valdimarssonar	Verkefnið felst í því að Sinfóníuhljómsveit Suðurlands heldur stórtónleika í tilefni 70 ára afmælis tónskáldsins Björgvins Þ. Valdimarssonar. Einsöngvarar og fjöldi sunnlenskra kóra koma fram og fagna verkum Björgvins, sem hefur markað djúp spor í kór- og tónlistarlíf svæðisins. Á tónleikunum verða einnig frumflutt ný hljómsveitarverk eftir Björgvín, sem styrkir menningarlíf og tónlistarsögu Suðurlands.	1.500.000 kr.
Halldór Smáráson	Hverafugl	Hverafugl er ný tónlistarhátíð í Hveragerði sem verður haldin í fyrsta sinn í júní 2026 og býður upp á fjölbreytta dagskrá með klassískum og samtímatónlistarmönnum. Hátíðin sameinar tónlist, myndlist og gjörninga og nýtir ólíka staði víðs vegar um bæinn sem vettvang. Listrænir stjórnendur eru Halldór Smáráson, Ingibjörg Ýr Skarphéðinsdóttir og Lilja María Ásmundsdóttir, sem leggja upp með fjölbreytta menningarhátíð	1.000.000 kr.
Bókasafn Árborgar	Stefnumót við Íslenskuna - viðburðaröð	Verkefnið felst í vikulegum „stefnumótum“ þar sem fólk fær tækifæri til að nota og efla íslenskukunnáttu sína á skemmtilegan, óformlegan og öruggan hátt. Samverustundirnar skapa tengsl milli móðurmálsnotenda og fólks af erlendum uppruna og styrkja samskipti og sjálfstraust í tungumálinu. Verkefnið eflir samfélagslega þátttöku, stuðlar að inngildingu og tengir saman fólk sem er að takast á við að læra íslensku	900.000 kr.
Hildur Bjarnadóttir	Samspil (vinnutitill)	Verkefnið felst í að skapa fjögur stór ofín listverk, þar sem smáatriði og ritmi efnis og líkama eru rannsökuð í stærri skala. Í verkunum eru samtvinnuð akrýllitir, staðbundnir jurtalitir frá þúfugörðum og mældir lífrænir rytmar, sem ferðast inn í kerfi vefstólsins og móta mynstrið. Markmiðið er að kanna hvernig þessi örsmá kerfi breytast, fjölga og öðlast nýja merkingu þegar verkið verður stærra en manneskjan sjálf.	800.000 kr.

Ásta Vilhelmína Guðmundsdóttir	Oceanus Hafsjór "Stórsjór"	Stórsjór er alþjóðleg listahátíð og vinnustofa þar sem um 20 innlendir og erlendir listamenn dvelja á svæðinu í mánuð, skapa verk og frumsýna þau. Sýningar fara fram víðs vegar um þorpið á óhefðbundnum stöðum og listamennirnir vinna saman að því að setja listrænan svip á daglegt líf. Verkefnið styrkir menningarstarfsemi, tengir listafólk og heimamenn og færir samfélaginu ferska sýn og aukna þátttöku.	800.000 kr.
Listasafn Árnesinga	POL IS ART 2025	Pólskir menningardagar þar sem bæði listamenn af pólskum uppruna sem og íslenskir gestir sem vilja kynna sér pólska menningu hittast í safninu og halda upp á menningu beggja landa.	700.000 kr.
Kristín Björk Kristjánsdóttir	Handsmíðuð hljóðfæri sameinast sinfóníuhljóms	Verkefnið felst í að skapa nýtt tónlistarverk til heiðurs föllnum vini, unnið með handsmíðuðum hljóðfærum og flutt af sinfóníuhljómsveit og tónskáldi verkefnisins. Verkið sameinar persónulega minningu, nýsköpun og fagurfræði og verður flutt sem framsækið tónlistarverk fyrir samfélagið. Sveitungum á Suðurlandi verður boðið að fylgjast með sköpunarferlinu og heyra brot úr verkinu í vinnslu í Oddakirkju á Rangárvöllum.	700.000 kr.
Sandra Steinþórsdóttir	Kvikmyndahátíð barnanna	Kvikmyndahátíðin er fjölskylduvæn hátíð fyrir börn þar sem sýndar verða kvikmyndir frá ólíkum heimshornum, með sérstakri áherslu á menningarheima sem endurspegla fjölmenningu Árborgar. Hátíðin skapar litla „gluggaútgáfu“ til og frá heiminum og eflir skilning, forvitni og menningarlegt læsi barna og fjölskyldna. Við val mynda og skipulag verður leitað samstarfs við fjölþjóðasamfélagið, skóla og börn til að tryggja þátttöku og sameiginlega upplifun.	700.000 kr.
Madalena Da Silva Simoes De Abreu	Youth Art Studio	Youth Art Lab er listasmiðja fyrir börn og ungmenni á Hvolsvelli og Hellu, þar sem þau fá vikulega leiðsögn í myndasögum, teikningu, kollagi, mótun, textíl og náttúrulitum. Markmiðið er að skapa öruggt og skapandi rými þar sem þátttakendur efla sjálfstraust, sjónræna frásögn og samvinnuhæfni.	700.000 kr.

Daníel Geir Moritz Hjörvarsson	Ég skal syngja fyrir þig	Ég skal syngja fyrir þig“ eru tónleikar sem fara fram í Vestmannaeyjum og í Sindrabæ á Höfn, þar sem Einar Ágúst flytur þekkt og sígild dægurlög með textum Jónasar Friðriks ásamt gestasöngvurum úr heimabyggð. Tónleikarnir sameina sögustund og lifandi flutning, rekja feril Jónasar á aðgengilegan og skemmtilegan hátt og bjóða bæði vel þekkt og sjaldnar fáheyrð lög.	700.000 kr.
Glódís Margrét Guðmundsdóttir	Vox Rangárþing	Nemendur vinna að smíðinni undir leiðsögn Eyjólfss Eijólfssonar og Magnúsar Stephensen og tengist verkefnið framhaldi á vel heppnuðu langspilssmiðarverkefni frá 2018.	600.000 kr.
Fiðlufjör slf.	Fiðlufjör 2026	Fiðlufjör er fiðlunámskeið fyrir ungt tónlistarfólk á Suðurlandi þar sem þátttakendur fá kennslu, hóptíma, smíðjur og tónleikareynslu með reyndum kennurum. Námskeiðið, sem verður haldið í áttunda sinn dagana 5.–7. júní 2026, býður nemendum upp á ný og skemmtileg verkefni og einstakt tækifæri til að vaxa sem tónlistarmenn.	600.000 kr.
Bókabæirnir austanfjalls	Margmála ljóðakvöld	Margmála ljóðakvöld er árlegur viðburður á alþjóðadegi ljóðsins þar sem fólk af ólíkum uppruna les ljóð á eigin tungumáli í hlýlegu og lifandi umhverfi.	600.000 kr.
Sveitarfélagið Hornafjörður	Menningarsaga Breiðamerkursands	Verkefnið felst annars vegar í sýningu á veggspjöldum með ljósmyndum, kortum og texta um minjasvæði á Breiðamerkursandi, sem sett verður upp á Höfn og í Þórbergssetri sumarið 2026. Hins vegar felst það í kynningu á stafrænu miðlunarsíðunni busetuminjar.is, sem gerir efnið aðgengilegt fyrir almenning á varanlegan hátt.	600.000 kr.
Sveitarfélagið Hornafjörður	LjósaHöfn - Arna G. Valsdóttir – vídeolistahátíð	Verkefnið snýst um að skapa vídeóverk sérstaklega fyrir sýningarverkefni Svavarsafns á Höfn. Verkin verða sýnd inni á yfir 30 heimilum í bænum, annaðhvort á sjónvörpum íbúa, með skjávarpa á vegg eða á skjám safnsins. Markmiðið er að færa samtímalist inn á heimili fólks og skapa persónulega, staðbundna og nærandi listupplifun fyrir samfélagið.	590.000 kr.
Hanna Dís Whitehead	Flóra, fléttur og fletir - fyrsti hluti	Þróun og rannsókn á aðferðum við að nýta íslensk kornstrá í vörur, húsgögn og sem yfirborðsefni. Notaður er staðbundinn efniviður bygg og hafrastrá frá Hornafirði þar sem umsækjandi er búsettur.	500.000 kr.

Hanna Dís Whitehead	Nytjar	Sýningin á Hornafirði hverfist um safneign Byggðasafns Austur-Skaftafellssýslu þar sem umsækjendur sýna ný verk unnin upp úr rannsókn á áhugaverðum safnkosti Byggðarsafnsins.	500.000 kr.
Listasafn Árnesinga	Vetrarsmiðjur	Vetrarsmiðjur Listasafns Árnesinga eru röð skapandi listasmiðja fyrir börn og fullorðna sem standa frá október 2025 til apríl 2026. Smiðjurnar skapa vettvang fyrir fræðslu, samveru og skapandi starf í samstarfi við fagfólk úr ólíkum listgreinum. Markmiðið er að efla aðgengi að listum á Suðurlandi og styrkja menningarlega þátttöku íbúa á öllum aldri.	500.000 kr.
Leikfélag Hornafjarðar	Hundraðasta sýningin	Leikfélag Hornafjarðar fagnar 100. leikverki sínu með frumsköpun þar sem nýtt leikrit er smíðað frá grunni í samvinnu kynslóða og samfélagsins. Leikarar vinna með spuna og sögur úr lífi fólks á svæðinu til að skapa verk sem endurspeglar staðinn, sögu hans og leikgleði. Verkefnið styrkir menningarlíf, samstöðu og nýsköpun í leikhúsi á Suðurlandi og tengir saman unga og reynda leikar	500.000 kr.
Sveitarfélagið Hornafjörður	Hallgerður Hallgrímsdóttir - Heima á Höfn	Verkefnið er einkasýning á nýjum ljósmyndaverkum Hallgerðar Hallgrímsdóttur í Svavarssafni á Höfn. Sýningin er sérstaklega unnin í tengslum við samfélagið á Höfn og er þakkaróður til staðarins og fólksins þar. Verkin munu endurspeglar feegurðarskyn, persónulega tengingu við fyrri tíð og skapa einstaka sýn fyrir íbúa og gesti.	500.000 kr.
Hafdís Hafsteinsdóttir	Norðurljósablús 2026	Verkefnið felst í því að setja upp tónleika með fjölbreyttum, rúmlega sextíu manna kór sem samanstendur af fólki á öllum aldri og af ólíkum þjóðernum. Kórinn vinnur með nýja tónlist, frumlegar útsetningar og leikhúslegar aðferðir til að skapa ferska og skapandi nálgun á íslenska kóramenningu.	500.000 kr.
Birna Sigurðardóttir	Jólatónleikar Kórs Hvolsskóla	Kórinn hyggst halda sína fimmtu glæsilegu jólatónleika í upphafi aðventu, að þessu sinni í Íþróttamiðstöðinni á Hvolsvelli 28. nóvember, með þátttöku tónlistarfólks úr héraði. Tónleikarnir sameina hefð, samfélag og hátíðlega stemmningu þar sem fyrrum nemendur og aðstandendur kórmeðlima taka þátt í fjölbreyttri dagskrá. Tónleikarnir sameina hefð, samfélag og hátíðlega stemmningu þar sem fyrrum nemendur og aðstandendur kórmeðlima taka þátt í fjölbreyttri dagskrá.	500.000 kr.

Jórukórinn	Jólatónleikar Jórukórsins 2025	Jólatónleikar Jórukórsins þar sem flutt er fjölbreytt dagskrá sem sameinar þjóðlega tónlist, keltneska tóna og klassísk jólalög í nýjum útsetningum. Á tónleikunum verða einnig frumfluttir nýir sunnlenskir jólatextar sem kórkonur og kórstýra hafa samið	500.000 kr.
Vestmannaeyjabær	Geological Rhapsody	Sýningin „Geological Rhapsody“ miðar að því að kanna hvernig jarðfræðileg virkni mótar sjónarhorn mannsins, hegðun og hugmyndir um vistfræðilega sambúð, út frá listrænum sjónarhornum íslenskra og japanskra listamanna.	500.000 kr.
Tjörvi Óskarsson	Hljóð og Náttúra – Jöklar í breytingu	Hljóð og Náttúra“ er margmiðlunarverkefni þar sem hljóð úr náttúru Hornafjarðar—ísbroti, vatni og vindi—eru umbreytt í tónverk sem tengist myndefni frá jöklum svæðisins.	500.000 kr.
Daníel Geir Moritz Hjörvarsson	Ég man þau jólin	Verkefnið er jólatónleikar þar sem þemað er jól fyrir gos	500.000 kr.
Byggðasafn Vestmannaeyja	Töfrar þrettándans	Verkefnið felur í sér nýja sýningu á Sagnheimum, Byggðasafni Vestmannaeyja	500.000 kr.
Herdís Friðriksdóttir	Hljóðleiðsögn fyrir börn um Skálholt	Verkefnið felst í að hanna hljóðleiðsögn fyrir börn og ungmenni um Skálholt þar sem sagnfræðingur og barnabókahöfundur sameina frásögn sem verður einnig þýdd á ensku. Leiðsögnin verður aðgengileg í snjalltækjum og leiðir gesti um kirkjuna, safnið, fornleifasvæðið og þorláksbúð til að efla skilning á sögu staðarins.	450.000 kr.
María Sól Ingólfssdóttir	Söngskemmtun í Aratungu	Verkefnið felst uppsetningu óperu- og söngleikjatonleikum í Aratungu, fluttum af brottfluttum Tungnamönnum sem snúa heim Tónleikarnir bæta við fjölbreytni í menningar- og tónlistarflóru Bláskógabyggðar og færa íbúum upplifun sem sjaldan býðst í heimabyggð. Markmiðið er að efla tónlistarlæsi og áhuga á lifandi tónlist meðal fólks á öllum aldri og styrkja samfélagslegt menningarlíf.	400.000 kr.
Eyjólfur Eyjólfsson	Langspilsvaka 2026	Langspilsvaka 2026 í Þjórsárveri er tónlistarhátíð tileinkuð íslenska langspilinu og jafnframt uppskeruhátíð 5. bekkinga í Flóaskóla sem smíða langspil í FabLab á Selfossi.	400.000 kr.
Svavar Sigurðsson	Örtónleikar í Prestbakkakirkju	Örtónleikar eru stuttir en hnitmiðaðir tónleikar sem haldnir eru á laugardegi kl.12.00 og er tímalengd innan við klst.	400.000 kr.

Héraðsskjalasafn Árnesinga	Ljósmyndir Sambands sunnlenskra kvenna	Verkefnið snýst um að skanna pappírstjósmyndir frá Sambandi Sunnlenskra kvenna sem eru komnar til varðveislu á Héraðsskjalasafn Árnesinga og í framhaldinu verður farið í að skrá upplýsingar um hver er á myndunum og verður haldinn viðburður þar sem slík skráning og greining fer fram	400.000 kr.
Byggðasafn Árnesinga	Jólin eru okkar	dagskrá sem sameinar sýningar, tónlist, bókmenntir og handverk þar sem listafólk og rithöfundar koma fram og taka þátt í viðburðum. Á staðnum verða bókalestur, tónlistaratriði og hefðbundin jólaumgjörð með jólatrjám og einföldum samverustundum fyrir gesti.	400.000 kr.
Ágústa Arnardóttir	Hvað ætla ég að gera? Stuttmynd	Stuttmynd sem börn á Höfn taka þátt í að gera og sem verður aðgengileg fyrir börn víða um heim.	400.000 kr.
Eyrún Huld Ingvarsdóttir	Jólatónar og kakótár	Jólatónar og kakótár eru tónleikar þar sem ungir og framúrskarandi hljóðfærleikarar flytja perlor tónbókmenntanna á stuttum tónleikum sem opna eyrun fyrir fegurð og hlýju jólatónlistar.	300.000 kr.
Söngsveitin Tvennir tímar, félagasamtök	Söngstarf tvennra tíma 2025-2026	Verkefnið snýst um að efla sönglíf eldri borgara í Uppsveitum Árnessýslu	300.000 kr.
Brimrót Co op, félagasamtök	Brimrót og sögur af ströndinni	Það sem Uppbyggingarsjóður Suðurlands styrkir í þessu verkefni er höfundaspjall við Bjarna M. Bjarnason og kynning á Stokkseyrar-Dísu fyrir nemendur Grunnskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri	250.000 kr.
Samtals úthlutað			21.190.000 kr.

Atvinna og nýsköpun

Umsækjandi	Titill		Úthlutuð upphæð
Varp ehf.	TónÆði	TónÆði er námsefni fyrir tónmennt í myndbandsformi á netinu. Kennslumyndböndin og meðfylgjandi samspilsmyndbönd verða aðgengileg öllum án endurgjalds á vefsíðunni TónÆði.is.	2.500.000 kr.
JÖRTH ehf.	Jarðgerlar	Verkefnið miðar að þróun og tegundagreiningu íslenskra jarðgerla með það að markmiði að finna og velja efnilega stofna til notkunar í bætiefni og heilsuvörur Jörth.	2.500.000 kr.
Benedikt Lárusson	Bjórgerð, bakstur og veitingar	Stofnun brugghúss, þar sem verður einnig bakað brauð og kökur og svo verða seldar veitingar. Hráefni verður eins og mögulegt er úr héraði.	2.500.000 kr.
Heiðmörk ehf.	Óvenjulegar paprikur	Verkefnið felst í því að fullvinna umframframleiðslu af paprikum og eldpirpar á býlinu í ýmsar afurðir—þurrkaðar, malaðar, pikklaðar og fleiri gerðir—til að auka verðmætasköpun og draga úr sóun.	2.000.000 kr.
Ágústa Arnardóttir	Flótti og fjör á Hornafirði	verkefni þar sem búinn verður til bæjarratleikur og flóttaleikur sem leiða gesti um svæðið, styrkja samveru og gera dvöl á Hornafirði innihaldsríkari í hvaða veðri sem er.	1.895.000 kr.
eySalt ehf.	Saltey - nýsköpun í saltframleiðslu	Verkefnið felst í að þróa og framleiða hágæða flögusalt úr sjó frá RO-kerfi seiðaeldisstöðvar með nýrri tækni sem stytir framleiðslutíma, eykur afköst og bætir orkunýtingu.	1.750.000 kr.
Rauðátan ehf.	Tilraunavinnsla og vöruþróun á rauðátuafurðum	Verkefnið felst í því að Matís framkvæmi efnagreiningar og þrói afurðir úr rauðátu, allt frá frosinni hrávöru til lífvirkra efna fyrir lyfja-, fæðubóta- og snyrtivöruíðnað. Á næstu árum er stefnt að því að færa vinnsluna nær markaði og hefja framleiðslu á t.d. fæðubótaefnum og snyrtivörum.	1.500.000 kr.
Þekkingarsetur Vestmannaeyja ses	Kortlagning glatvarma frá frystiklefum útgerða.	Verkefnið felst í því að kortleggja glatvarma frá frystiklefum og meta fýsileika varmadælu sem nýtir þéttivarma til að hlaða sandfyllta varmageymslu og skila varma aftur inn í vinnslu eða húshitun. Markmiðið er að draga úr orkusóun, efla orkuöryggi og leggja grunn að hringrásarlausn sem getur nýst við mótun framtíðaráforma á Suðurlandi.	1.500.000 kr.

Þróunarfélag Töfrastaða ehf.	Auður allt árið- Icelandic gardening calendar	Verkefnið þróar stafrænt garðyrkjudagatal sem veitir notendum á Íslandi persónubundna ræktunaráætlun byggða á innlendri þekkingu, loftslagi og jarðvegi	1.500.000 kr.
Berit Mueller	Flæðarmál - Frjósemsfræðsla	Flæðarmál er verkefni sem eykur þekkingu og umræðu um kynfræðslu og líkamslæsi með því að gera fræðslu aðgengilega og skýra fyrir almenning. Markmiðið er að styrkja réttindi á sviði kynheilbrigðis og valdefla einstaklinga til að taka upplýstar ákvarðanir um eigin líkama og vellíðan.	1.140.000 kr.
Særún Eva Hjaltadóttir	Hundaveisla	Hundaveisla er nýsköpunarverkefni sem miðar að þróun og innleiðingu á íslensku hráu heilfóðri fyrir hunda úr 100% innlendum dýraafurðum.	1.100.000 kr.
Slow Food í Reykjavík, félagasamtök	Stefnumót frumframleiðenda og ferðaþjónustunn	Stefnumót matvælaframleiðenda og ferðaþjónustunnar er viðburður þar sem framleiðendur kynna sínar vörur og möguleika fyrir þeim aðilum sem eru með veitingasölu fyrir ferðamenn, jafnt erlenda sem innlenda.	925.000 kr.
Samtals úthlutað			20.810.000 kr.